

Fundur stjórnar Íshökkísambands Íslands

Miðvikudaginn 9. október 2025, klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Jóhannes Ævar Jónsson (JÆJ), Sigrún Agata (SA), Pétur Andreas Maack (PM), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GIP), og Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Kristján Heiðar Kristjánsson (KHK), Brynja Vignisdóttir (BV), Vilhelm Bjarnason (VB),

Fyrir fundinum lá fundargerð á Slack samskipta vef stjórnar. Dagsett 29. sept 2025.

Fundargerðin var samþykkt af stjórn án athugasemda.

HP flutti smá munnlega skýrslu frá Global Hockey Forum GHF og tók sérstaklega fyrir þá braut sem hann sat sem var þróun leikmanna. VG sömuleiðis fjallaði stuttlega um það sem rætt var helst um markaðsmál frá GHF og Sigrún Agatha fjallaði um það helsta úr brautinni um kvennahokki.

Á Haustþingi IIHF, Semi Annual Congress eða SAC sem haldið var í kjölfar GHF, var það helst sem snertir okkur að tekið verður upp nýtt keppnisfyrirkomulag árið 2027 á öllum HM mótum í neðri deildum. Einnig var þar ákveðið að U18 kvenna mun leika sitt HM í Cape Town í Suður Afríku.

Fyrstu drög að áætlun ársins voru kynnt fyrir stjórn, þar er gert ráð fyrir u.þ.b. 5 milljón króna afgangi af rekstrarárinu 2026. Gert er ráð fyrir að endanleg áætlun liggi fyrir í nóvember mánuði.

Kynntar voru viðræður sem hafa staðið yfir frá SAC við fyrirtækið Sportway sem hefur sérhæft sig í að streyma íþróttu efni og selja inn á streymið. Samþykkt var að HP og VG haldi áfram samningaviðræðum við Sportway.

Önnur mál:

GIP vildi ræða ferla aganefndar í þeim tilfellum að leikmenn fá refsingu í mfl og eru ekki sjálfráða. VG var til svara enda hann starfsmaður nefnarinnar. Nefndin hefur litið þannig á að það fylgir því ábyrgð að leika í meistaraflokkum félaganna. Þannig skrifa foreldrar upp á það að þau telja leikmann bæði andlega og líkamlega tilbúinn til að æfa og leika í meistaraflokki á Íslandsmótinu í íshokki. Aganefnd hefur því ekki séð ástæðu til þess að aldursgreina keppendur í meistaraflokki varðandi úrskurði nefndarinnar. Áréttað var að nefndin sendi út pósta á formenn félaga þegar úrskurðir eru birtir.

Elvu Hjálmarsdóttur dómara hefur verið boðið að koma og dæma á sterku alþjóðlegu móti í Svíþjóð. Samþykkt var að greiða fyrir hana flugmiða.

Áhugi er að senda U14 liði til keppni hjá Sergei, ákveðið að biðja Jón Gíslason að kanna málið frekar.

SR óskar eftir undanþágu fyrir félagaskiptum fyrir Axel Loga Andrason, kt. 150509-2030, leikmanni úr U18 liði og U22 liði Fjölnis, til Skautafélags Reykjavíkur. Samþykkt samhljóða að veita umbeðna undanþágu.

Fundi slitið